

Nú er það rúffskip

Njörður S. Jóhannsson hefur sem kunnugt er undanfarin ár verið að skrá báta- og skipasögu Fljótamanna og Siglufirðinga, ekki þó á hefðbundinn máta, heldur gerir hann nákvæm líkön af umræddum fleyjum, þar sem tomman er fetið; þetta er m.ö.o. í hlutföllunum 1 á móti 12. Til að þetta sé framkvæmanlegt þarf auðvitað að leggjast í mikla rannsóknarvinnu og það hefur Njörður líka gert. Elsta heimildin er frá 1430 og sú yngsta frá 1922. Og handverkið, afraksturinn, er ekkert venjulegt, heldur er allt unnið ofan í minnstu smáatriði, jafnt neðan þilja sem ofan. Í byrjun þessa árs var hann að ljúka við enn eitt meistarastykkið, rúffskip sem nefndist Farsæll. Og þessa dagana er hann að velta fyrir sér hvaða skip hann eigi að glíma við næst.

Njörður fæddist á Siglufirði árið 1945 og hefur búið hér alla tíð. En hann á ættir að rekja til mikilla skipasmiða í Fljótum og er sjálfur völundur í höndum, eins og verk hans öll bera með sér.

„Áhugi minn á súðbyrðingum vaknaði þegar ég var um 10 ára gamall,“ segir hann, „og mér fannst alveg skelfilegt að horfa upp á það að öll þessi skip skyldu vera eyðilögð, arabátar, trillur og annað slíkt. Þegar árin tóku að færast yfir fór ég að hugsa hvað ég gæti gert til þess að yngra fólk, t.d. afkomendur mínir, dætur og afabörnin mín, fengju að kynnst þessari merku sögu. Og í raun og veru fer líkanasmíðin þannig af stað.“

Veturinn 1991-1992 endursmíðuðu Njörður og faðir hans Sigurvin, fiskibát Gústa guðsmanns, sem var orðinn illa farinn eftir volk í tímans straumi. Hann er nú til sýnis í einni byggingu Síldarminjasafns Íslands, Bátahúsinu. Og árið 1993 smíðaði Njörður eigin trillu í fullri stærð, úr furu og eik. Hún fékk nafnið Ósk.

Þrír heimildarmenn

„Ég hef þrjá heimildarmenn fyrir þessu nýjasta líkani mínu,“ segir Njörður. „Einn var Páll Ásgrímsson, sem var vinnumaður hjá Sveini Árnasyni, bónda og hreppstjóra í Felli í Sléttuhlíð í Skagafirði, sem mikið kemur við þessa sögu. Svo hef ég heimildir sem afi minn, Jón, sagði mér. Og loks eru tvær frásagnir sem ég man eftir sem faðir hans og langafi minn, Kristján í Lambanesi, sagði mér. Og niðurstaðan er sú, að það eru hjónin Björg Jónsdóttir og Sæmundur Jónsson í Efra-Haganesi í Fljótum sem ákveða að byggja þetta skip, eftir að þau koma frá Felli í Sléttuhlíð. Þau eiga lítinn sexæring sem Sæmundur smíðaði og sem þau gera út og þar er ungur maður, sem hann hefur mikið dálæti á, sem er einmitt Sveinn Árnason frá Mói, fæddur 1864, og hann vill kenna honum allt það sem hann getur um sjómennsku, og hann eiginlega tekur Svein upp á sína arma þegar hann er í Efra-Haganesi og hann fer oft sem formaður fyrir Sæmund þegar hann var á færi, þá voru þeir að salta fisk.“

Seinnipartinn í ágúst 1884, í Haganesvík, er byrjað að smíða Farsæl og það er ákveðið að þetta skuli verða stærsta opna skipið sem smíðað hafi verið í Fljótunum og að það skuli vera rúff að framan og aftan. Og skipið varð 45 fet á lengd og 14 fet og 8 tommur á breidd og 16 umför. „Það átti upphaflega að vera bara 14 fet en þegar var komið upp á síðurnar, vildi Sæmundur hafa meiri fláa að aftan, svo að skipið verði sig betur,“ segir Njörður. „Með Sæmundi unnu að smíðinni Kristján langafi minn, sem þá bjó að Syðsta-Mói, hafði flust þangað 1883, og einnig Jón Magnússon, sem hafði fylgt Sæmundi og konu hans úr Sléttuhlíðinni, og svo áður nefndur Sveinn Árnason. Og svo voru tveir vinnumenn að auki sem ég hef ekki nöfnin á.

Það snjóaði frekar snemma þetta haust svo að það var ekki hægt að klára skipið; það var búið að byrða það og benda, setja allar þóftur í það og borðstokkinn, en eftir var að smíða rúffin og lifrarkassana. Ákveðið var að bíða með það til vors. En það átti að halda áfram vinnunni við skipið í nóvember,

desember og janúar, þá átti að smíða allar árar, það átti að ganga frá seglum, möstrum, vinna þannig að þetta yrði búð snemma árs 1885. En í byrjun mars gerist það að Sæmundur fær miklar innvortis kvalir og veikist og hann deyr 25. þess mánaðar. Þá tekur Sveinn Árnason að sér að klára verkið. Hann er þá um tvítugt. Málin æxlast svo þannig að þau fella hugi saman, hann og Jórunn, dóttir Bjargar og Sæmundar, sem var árinu yngri en Sveinn, og niðurstaðan verður sú að þau ákveða að gera Farsæl út í sameiningu. Þau eru þá öll flutt að Minna-Grindli í Fljótum en eru með verbúð í Haganesvík. Þetta er upphafið að þessu skipi og þetta var stærsta rúffskip sem smíðað var í Fljótum, rúmlega 13, 5 metra langt. Það var aðallega gert út til þorskveiða, þá var fiskurinn blautsaltaður, honum ekki pakkað, og seldur til Gránufélagsverslunarinnar, en einnig fór það í margar hákarlalegur.

Það eina sem ég veit svo meira um þetta skip er það sem Páll hefur eftir Sveini, í sambandi við síðuna, hvernig hún mátti aldrei vera bein, hún þurfti alltaf að breikka út og skipið varð þar af leiðandi breiðara ofan við sjólínu heldur en það átti upphaflega að vera og gerði það að góðu sjóskipi.“

Steypustykki og keðja

Þegar Sveinn og Jórunn flytja að Felli í Sléttuhlíð, árið 1891, fer hann með skipið þangað, gerir það út frá Fjalli, sem er við sjávarsíðuna hinumegin, þar sem hann var með sjóbúð.

„Þar var hann búinn að steypa þykkar þrær, sagði mér Páll Ásgrímsson, og þar þækilsaltaði hann fisk sem svo var borinn út og þurrkaður. Sjórinn nagaði þetta allt í burtu löngu síðar. En fyrir ekki svo mörgum árum komu í ofsabrimi nokkur steypustykki upp í fjöruna þarna. Og svo var annað, sem er dálítið merkilegt, að það var maður, skipasmiður, sem m.a. var inni á Lónkotsmöl í Skagafirði, í Fljótunum og á Siglufirði, og er talið að hafi smíðað um 70 árabáta, hann var mikill járnsmiður líka, Jón hét hann og var Þorleifsson frá Minna-

Felli í Sléttuhlíð, hann smíðaði keðju fyrir Svein Árnason sem var notuð í legufæri þegar skipin voru úti á legunni, því hann gat ekki sett þetta alltaf, og núverandi bóndi á Felli fann fyrir ekki löngu restina af þessari keðju. Þetta er það eina sem við vitum að er til frá þessum tíma Farsæls.

Það var eitt sem Kristján langafi minn sagði mér, sem situr alveg fast í höfðinu á mér, og það var það, að það hefði verið árið 1887, rúma viku af febrúar, að þá hafi þeir farið með Sveini á Farsæl í hákarl á Strandagrunnið, og þeir hafi verið níu um borð. Það var nístingskuldi en eiginlega alveg logn, svo kom vestanátt, þungur sjór og ísing og kul. Sveinn vildi ekki leysa upp og slá undan veðrinu, því það var komið myrkur, svo að þeir þurftu að vera fjórir að andæfa á stjóran þegar verst lét, þangað til að hann sagði: „Nú verðum við að hætta þessu, leysa upp.“ Hann lét setja upp fokku og aftursegl og sigldi beina leið í kolsvarta myrkri í átt að landi. Þetta var róleg sigling, í um tvo og hálfan tíma, en þá beitti hann skipinu þannig að hann hálsaði kvikuna og hélt skipinu svona nokkurn veginn kjurru á sama stað. Og svoleiðis var hann með það í einn og hálfan tíma eða svo og sagði síðan: „Nú er kvikan farin að minnka, setjum út stjóran.“ Og það var gert. Og hann bætir við: „Höfum 30 faðma yfirvarp og setjum fast.“ Þarna var aldimmt og þeir höfðu ekkert nema lugtir með bræddu þorskalýsi, það ósaði síður af því en öðru lýsi, ef það var mjög hreint. Svo þegar birtu brá mönnum heldur mikið, því ekki voru nema um 500 faðmar í land. Langafi sagði að Sveinn hefði verið svo mikið náttúrubarn að hann hefði fundið þegar hann var að koma upp að grynningunni hvernig sjólagið breyttist. Og hann sagði mér líka að Sveinn hefði verið afar lipur sem skipstjórnarmaður og stýrimaður, að stýra undir seglum, og hann vildi meina að þetta hefði komið beint frá Sæmundi en ekki föður hans.

Saga skipsins er svo þannig, að öðru hvoru megin við 1900 selur Sveinn það kaupmönnum á Sauðárkróki, því honum fannst það vera orðið lúið, vegna þess að hann var búinn að salta um

borð, í lifrarkassana, og það náttúrulega lak þekill niður, og hann var hræddur um að naglar væru orðnir ryðbrunnir undir pöllum og öðru slíku. Þar er það úti á leggunni og það gerir suðvestan rok og það slitnar upp og rekur skáhallt yfir Skagafjörðinn, rétt sleppur við Þórðarhöfðann, kemst yfir og inn á Málmeysjarfjörðinn og byrjar að brotna í fjörunni rétt norðan við Lónkot; þeir eru þá búnir að eiga það í ár eða svo. Brakið dreifðist síðan út með fjörunni. Og þá sögðu gömlu karlarnir að nú væri Farsæll kominn heim. Endalokin urðu svona.“

Fyrsta líkanið sem Njörður smíðaði var Úlfur, sem Þorsteinn í Haganesvík átti, svo gerði hann lítinn árabát handa sjálfum sér og ætlaði að hætta eftir það, en gat ekki. Þá komu Marianna, Bæringur SK 5, sem Páll Árnason á Ysta-Mói smíðaði 1898 fyrir Einar Hermannsson á Molastöðum, og síðan annar Bæringur sem langafi Njarðar í föðurætt, Ásgrímur Sigurðsson, smíðaði upphaflega 1894, og eftir það gerði hann Vonina og Óskina, þá Sigurvin, bát Gústa guðsmanns, síðan Blíðhaga, Skagaströnd, Hraunaskipið, Hákarl/Haffrúna, Fljóta-Víking, Álku, Ugga, Jóhönnu, Blika og Lata-Brún. Og það nýjasta er sumsé rúffskipið Farsæll; í það fóru 6.264 koparnaglar og um 900 klukkutímar og er þá seglavinna Bjargar Einarsdóttur, eiginkonu Njarðar, talin með.



Rúffskipið Farsæll.



Greinin í
Morgunblaðinu í
dag.

Myndir og texti: Sigurður Ægisson | sae@sae.is.
Fylgja: Greinin í Morgunblaðinu í dag.